

13. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 86. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 165 21. júlí 1952 með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða:

Leigubifreiðastjórum er heimilt til 15. ágúst 1974 að nota óbreytta mæla, enda verði verðskrá í hverri slíkri bifreið, er sýni greinilega hver er mismunur mælistöðu og raunverulegs gjalds.

Samgönguráðuneytið, 5. maí 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

21. júní 1974.

Nr. 182.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 202 11. sept. 1970, um lánveitingar
húsnæðismálastjórnar úr Byggingarsjóði ríkisins,
með síðari breytingum.**

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Ársvextir af lánnum þessum skulu vera 5%. Þau skulu vera afborganalaus fyrsta árið, en endurgreiðast síðan að fullu á 25 árum með jöfnum ársgreiðslum vaxta og afborgana (annuitet). Hækki almennir vextir í landinu er Húsnæðismálastjórn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, heimilt að hækka þessa vexti frá sama tíma, svo og dráttarvexti af lánnum í samræmi við slíka hækkun. Hvert lán skal vera tryggt með 1. veðrétti í viðkomandi íbúð. Á vexti af lánnum þessum fyrsta árið og af ársgreiðslum af þeim síðar, skal skuldari greiða hlutfallslega viðbót, sem svarar $\frac{3}{10}$ — þremur tíundu — þeirrar hækkunar, er hverju sinni kann að hafa orðið á gildandi vísitölu byggingarkostnaðar frá lánlokutíma til hvers gjalddaga ársgjald eða greiðsludags, dragist greiðsla fram yfir gjalddaga.

Hagstofa Íslands skráir vísitölu byggingarkostnaðar á grundvelli núgildandi laga um hana nr. 25 frá 24. apríl 1957, samkvæmt nánari ákvörðun hennar. Ef breyting verður gerð á grundvelli vísitölu byggingarkostnaðar, skal nefnd skipuð þremur mönnum koma saman og ákveða, hvernig vísitala samkvæmt nýjum eða breyttum grundvelli skuli tengd núgildandi vísitölu byggingarkostnaðar. Seðlabankinn tilnefnir einn nefndarmann, Hæstiréttur annan, en hagstofustjóri skal vera formaður nefndarinnar. Skulu úrskurðir nefndarinnar vera fullnaðarúrskurðir. Til greiðslu á kostnaði veðdeildar Landsbankans vegna starfa hennar í þágu Byggingarsjóðsins skulu skuldarar árlega greiða sem svarar $\frac{1}{4}$ af lánsfjárhæðinni. Skal gjald þetta reiknað á sama hátt og árlegir vextir, og við það skal lögð hlutfallslega sama vísitöluviðbót og greidd er á ársgreiðslu af láninu hverju sinni.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að stytta lánsfímann vegna sérstakra byggingahátta eða takmarkaðs leigutíma lóðarréttinda.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum, nr. 30 12. maí 1970, sbr. bráða-
birgðalög nr. 28 21. maí 1974, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað,
og hirtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Hallgrímur Dalberg.